Deiliskráning á Kirkjubóli í Engidal

Ragnar Edvardsson



Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 1999
FS091-9911

©Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Rvk

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Inngangur

Ísafjarðarbær hyggur á að deiliskipuleggja svæðið innst í Skutulsfirði frá sorpbrennslunni Funa og inn í mynni Engidals. Skipulagssvæðið er í landi jarðarinnar Kirkjubóls. Fornleifaskráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir Ísafjarðarbæ. Svæðisskráning (heimildakönnun) fór fram í lok maímánaðar en vettvangsathungun (aðalskráning) dagana 9 – 13 júní 1999.

Samkvæmt jarðatali Johnsen frá 1840 voru 4 jarðir í byggð í Engidal, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Í dag er enginn búskapur á þessum jörðum nema á jörðinni Engidal. Tólf minjastaðir voru skráðir á jörðinni og eru sumar minjanna fyrir utan tilvonandi skipulagssvæði en þær eru látnar fylgja hér með.

Sérstakar þakkir fær Sigurgeir Jónsson fyrir aðstoð við vettvangsvinnuna.

1.1 Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning hófst á Íslandi í byrjun 19. aldar en það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1980 að skipuleg fornleifaskráning hófst í landinu. Í fyrstu voru eingöngu skráðar minjar sem taldar voru hafa sögulegt gildi eða tengdust fornsögunum. Skoðun manna á því hvað eru fornminjar hafa breyst mikið á síðustu árum og áratugum og nú er svo komið að byggingar sem áður voru ekki taldar hafa neitt menningarlegt gildi eru nú minjar um horfna lífshætti.

Skilningur manna á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjastaði og að vernda þá fyrir komandi kynslóðir hefur stóraukist á undanförnum árum. Til að fá heildarmynd af gerð og ástandi fornminja í landinu verður skipulögð fornleifaskráning að koma til.

Á síðustu árum hefur Fornleifastofnun Íslands unnið með og þróað aðferðir við fornleifaskráningu. Stofnunin hefur nú undir höndum stærsta gagnagrunn um menningarminjar á íslandi. Fornleifaskráningin hefur fyrst og fremst verið unnin fyrir og í samvinnu við sveitafélög og stofnanir þeirra.

Fornleifaskráningu er skipt í þrjú stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í söfnun heimilda um fornleifar á tilteknu svæði og öflun annar gagna sem geta gefið vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t. d. heilu sveitafélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalsskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Í 18. grein þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé "að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess..." Stærstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum við ýmisskonar framkvæmdir. Í 21. grein þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stoðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er

hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en að kemur að jarðraski og þar með spara verulegar fjárhæðir fyrir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilningur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hverskonar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hver kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum,mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún-akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaður, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagahefð:
g. áletranir, myndir eða önnur vegsummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða krisnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Á þessu sést að fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir, og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa búið.

Þó miðað sé við mannvirkjaleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskplön, áveituskurðir, minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess.

1.2. Aðferðafræði fornleifaskráningar

Við fornleifaskráningu á Íslandi fyrir 1990 var fyrst og fremst leitast við að skrá þær minjar sem sjást á yfirborði. Slík skráning hefur takmarkað gildi fyrir skipulagsvinnu eða undirbúning framkvæmda, þar sem fornminjar geta komið í ljós þar sem ekki var búist við þeim. Fornleifastofnun Íslands hefur því þróað aðferðafræði til að áætla staðsetningu menningarminja þó þær sjáist ekki á yfirborði. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Fornleifaskráningu er skipt í tvö vinnuferli, svæðisskráningu og aðalskráningu. Við svæðisskráninguna er gefið yfirlit um sögu byggðar, jarðir og takmörk þeirra skilgreindar. Þá er farið yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e.

túnakort og örnefnaskrár og loks er leitað í beinum heimildum um fornleifar. Helstu heimildir sem stuðst er við við svæðisskráningu eru *jarðabækur, túnakort* sem gerð voru á árunum 1916-21, *örnefnaskrár, fornleifaskýrslur* og rit um byggðasögu.
Segja má að aðalskráning sér úrvinnsla svæðisskráningar. Við aðalskráningu er farið á staðinn og leitað skipulega að þeim menningarminjum sem vísbendingar fundust um við svæðisskráninguna. Farið er á alla þá staði þar sem svæðisskráningin gaf til kynna að minjar væru að finna. Þær minjar sem sjást á yfirborði eru skráðar, þeim er lýst, ástand þeirra skilgreint og lagt mat á hvort þær séu í hættu. Allir minjastaðir eru jafnframt staðsettir með hnitum og á korti. Þar sem minjar sjást ekki á yfirborði er reynt að ákvarða staðsetningu þeirra sem nákvæmast og afla upplýsinga um



Mynd 1. Horft út Skutulsfjörðinn eftir Seljabrekkunni.

hversvegna þær sjást ekki lengur. Allar þessar upplýsingar eru færðar inn á gagnagrunn Fornleifastofnunar Íslands, ÍSLEIFU. Einnig eru gerð kort sem sýna staðsetningu minjastaðanna og þau svæði afmörkuð þar sem líklegt er að minjar geti komið í ljós.

Yfirlit yfir byggðarsögu Kirkjubóls

Jörðin Kirkjuból stóð í mynni Engidals í botni Skutulsfjarðar, austan fjarðarins. Í Engidal voru áður í byggð jarðirnar Engidalur, Fossar, Hafrafell og Kirkjuból. Innst í dalnum stóðu jarðirnar Engidalur og Fossar en Hafrafell og Kirkjuból í mynni dalsins, gengt hvor annari. Í dag er eingöngu stundaður búskapur á jörðinni Engidal.

Jarðarinnar Kirkjubóls er ekki getið í landnámu en elstu heimildir um hana eru að finna í máldaga Maríukirkju á Eyri í Skutulsfirði frá 1286. Þar segir að kirkjan á Eyri

eigi tíund af tíu bæjum og hálfa tíund af jörðinni Kirkjubóli.[1] Árið 1333 er kirkja vígð á Kirkjubóli og var sú kirkja helguð Maríu.[2] Þó jarðarinnar sé ekki getið í landnámu er engin ástæða til að efast um að byggð hafi hafist snemma á jörðinni jafnvel á 10. öld. Kirkja var vígð þar árið 1333 og má því búast við að bænhús hafi verið byggt þar í kringum kristintöku árið 1000.

Um miðja 17. öld bjuggu feðgar er báðir hétu Jón á Kirkjubóli og eru landsfræg samskipti þeirra við prestinn á Eyri í Skutulsfirði, Jón Magnússon. Presturinn ásakaði feðgana um galdra og um að valda ýmsum veikleikum prestsins og heimamanna hans. Feðgarnir voru dæmdir fyrir galdra og brenndir á báli í landi Kirkjubóls. "Stutt summa, áýnd og yfirlit þeirra tröllladóma, sem yfir mig sérdeilis og þennan bæ [Eyri í Skutulsfirði] gengu frá 19. trinitatis anno 1655 til þeir aumu menn voru brenndir í páskaviku anno sequenti 1656, er þannin, sem uppteiknað hefur verið."[3] Um þessa atburði ritaði presturinn og hefur það rit verið nefnt *Píslarsaga síra Jóns Magnússonar*.

Árið 1710 er Kirkjuból stærst jarðanna í Engidal og talinn 30 hundruð að verðleika og er tvíbýli þar. Hálfkirkja var þar og var messað fyrir heimamenn. Búskapur er á jörðinni alveg fram á miðjan síðasta áratug.



Mynd 2. Bæjarstæðið Kirkjubóli. Bærinn stóð undir hlíðinni vinstra megin á myndinni.

Á síðustu tveim áratugum notaði Ísafjarðarbær landið í kringum Kirkjuból niður að Langá til malarnáms. Um miðjan síðasta áratug var malarnámið komið svo nálægt bæjarhúsunum á Kirkjubóli að þeim þótti stafa hætta af. Ábúandinn var því fluttur um set að nýbýlinu Kirkjubæ. Bæjarhúsin á Kirkjubóli voru rifinn og bæjarhólnum ýtt með jarðýtu út í malarnámuna. Þar með endaði 1100 ára byggð á Kirkjubóli. Enginn fornleifarannsókn fór fram á bæjarstæðinu sjálfu og ekkert eftirlit var með

[1] D.I. II 260
[2] D.I. II 699-700
[3] Píslarsaga, 87.

framkvæmdum. Björgunaruppgröftur fór fram á kirkjugarðinum og stýrði Magnús Þorkelsson fornleifafræðingur þeim uppgreftri.

Það er synd að jörð þar sem að svo merkilegir atburðir Íslandssögunnar gerðust, skuli hafa fengið þá meðferð sem hún fékk. Framkvæmdirnar á Kirkjubóli áttu sér stað áður en að núverandi þjóðminjalög gengu í gildi og hefðu þau verndað bæjarstæðið. Ekki þýðir að gráta orðin hlut heldur að sjá til þess að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Skrá yfir fornleifar

Hér fyrir neðan fylgir skrá um þær fornminjar í landi Kirkjubóls. Skráin byggir á skráningarkerfi Fornleifastofnunar, en þar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Þá er hverri fornleif gefið númer sem bætt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ís-151:001).


Ís-151 Kirkjuból

Jarðýrleiki hjá Á.M. 30 hundruð en 26 hjá Johnsen. "Hjer er hálfkirkja og embættað þegar að heimamenn ganga til sacramentis." "Eyðihjáleigan Seljabrekka talinn með jörðinni og talinn 4 hundruð að dýrleika". [Á.M. 164] [1286] "Máldagi Maríukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorlákssonsetti]. "Mariu kirkia a eyri j skutilz firdi a ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hurndrud frijd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. hocul altara klædi ij: munlogar ij. oc glodaker: tijundir af x boum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ijlutum j attredmijngi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur." [D.I.II 260]
Á síðasta áratug var malarnám í landi Kirkjubóls og í dag er jörðin og túnstæðin að mestu horfin vegna framkvæmda.

Ís-151:001 *Kirkjuból* Bæjarhóll Býli 66.02.478N 23.09.305V
"Í mynni Engidals að austan er jörðin Kirkjuból, kunn hefur orðið í sögu þjóðarinnar vegna þeirra atburða, er þar gerðurst á 17. Öld. Þá bjuggu þar feðgar tveir og hétu hvorutveggja Jón. . . Kom prestur (Jón Þumlungur) að lokum svo sínu máli, að þeir Kirkjubólsfeðgar voru báðir brenndir á báli árið 1656, á sumardaginn fyrsta, sem þá bar upp á 10. Apríl".[Ö-Kirkjubóls] Farið er framhjá sorpbrennslustöðinni Funa og upp að fjallshlíðinni í dalnum. Undir skál í fjallinu stóð Kirkjuból. Lítill hóll undir grýttri fjallshlíð milli Funa og skepnuhúsa. Bæjarhóllinn er horfinn. Allt svæðið austan Langár var notað í malarnám. Þegar náman var komin að kirkjubóli var ábúandinn færður að Kirkjubæ og bæjarhólnum ýtt út í málarnámuna.
Sigurgeir er fæddur á Engidal og bjó þar allt til 1996.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:002 heimild Bústaður 6603626N 2307286V
"Skammt fyrir innan Innstabás er dálítið undirlendi við sjóinn, sem heitir á Naustum. Þar voru lengi og til skamms tíma tvö tómthús mannabýli, en óvíst mun hvenær til þeirra er stofnað. . . Um eða fyrir . . . Keypti Þorsteinn Kjarval ytra býlið og kallaði á Kjarvalsstöðum". Farið er framhjá flugvellinum og alveg að norður enda flugbrautarinnar.
Brekka fyrir ofan flugbrautina. Vestan vegarins.
Bærinn stóð rétt sunnan við fjárhústóftina (3) nær flugbrautinni.
Hættumat: Hætta vegna rasks
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:003 *Kjarvalsstaðir* heimild Bústaður



"Skammt fyrir innan Innstabás er dálítið undirlendi við sjóinn, sem heitir á Naustum. Þar voru lengi og til skamms tíma tvö tómthús mannabýli, en óvíst mun hvenær til þeirra er stofnað. . . Um eða fyrir . . . Keypti Þorsteinn Kjarval ytra býlið og kallaði á Kjarvalsstöðum". Farið er að flugbrautinni og rústin stóð 200 m frá nyrðri enda flugbrautarinnar.
Tóftin stendur á grasbala við sjóinn og upp við Seljabrekkuna.
Ferhyrnd og mótar fyrir fjórum hólfum og er að hluta til steypt.
Búið var þarna fram á þessa öld.
Hættumat: Hætta vegna rasks
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:004 *Seljabrekka* heimild sel 66.03.588N 23.07.427V
"Innan til við Naustin gengur fram dálítil hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum, . . . Ennfremur eru munnlegar sagnir um það, að Kirkjubólsfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið brenndir á Seljabrekkunni, . . .Á skipeyrinni er nú Ísafjarðaflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip".[ö-Kirkjubóls] "Seliabrecka. Eyðihjáleiga, hefur í auðn legið síðan bóluna. Dýrleiki iiii, og er þa áður talið heimajörðinni." [Á. M. VII]
Brekkan liggur alveg frá afleggjaranum og út að nyrðri enda flugbrautarinnar. Grösug brekka vestan þjóðvegarins.
Þegar flugbrautin var gerð var stór hluti Seljabrekkunnar notaður í uppfyllingu fyrir flugvöllinn.
Hættumat:
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:005 heimild Uppsátur 66.03.712N 23.07.196V
"Innan til við Naustin gengur fram dálítil hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum, . . . Ennfremur eru munnlegar sagnir um það, að Kirkjubólsfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið brenndir á Seljabrekkunni, . . .Á skipeyrinni er nú Ísafjarðaflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip".[ö-Kirkjubóls]
Brekkan liggur alveg frá afleggjaranum og út að nyrðri enda flugbrautarinnar. Grösug brekka vestan þjóðvegarins.
Þegar flugbrautin var gerð var stór hluti Seljabrekkunnar notaður í uppfyllingu fyrir flugvöllinn.
Hættumat: Hætta vegna rasks
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:006 heimild Aftökustaður 66.03.404N 23.07.836V
"Innan til við Naustin gengur fram dálítil hæðarhryggur, og heitir þar Seljabrekka. Þar var fyrrum haft í seli frá Kirkjubóli og einnig var þar uppsátur á fyrri tímum, . . . Ennfremur eru munnlegar sagnir um það, að Kirkjubólsfeðgar, sem nefndir eru hér að framan, hafi verið brenndir á Seljabrekkunni, . . .Á skipeyrinni er nú Ísafjarðaflugvöllur. Hið upphaflega landslag á þessum slóðum má heita alveg horfið, vegna byggingar flugvallarins. Seljabrekkan og bakkarnir inn af henni fóru í þessa uppfyllingu, og hefur allt það svæði því einnig breytt um svip".
Brekkan liggur alveg frá afleggjaranum og út að nyrðri enda flugbrautarinnar. Grösug brekka vestan þjóðvegarins.
Ekki er vitað nákvæmlega hvar feðgarnir voru brenndir en það var einhverstaðar í brekkunni fyrir ofan flugvöllinn sjálfan.

Hættumat: Hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls


Ís-151:007 *Kvíaból* heimild Kví 66.02.550N 23.09.480V
"Rétt fyrir utan túnið á Kirkjubóli er kallað Kvíaból". Svo til beint niður af bænum við Langá.
Allt svæðið hefur verið grafið í burtu og stendur þar nú ruslahaugur Ísafjarðarbæjar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:008 heimild Legstaður 66.02.496N 23.09.355V
"Neðan til við bæjarhúsin á Kirkjubóli er forn Kirkjugarður og sést garðlagið vel". Farið er framhjá Funa og nær því alveg að skepnuhúsum svo til undir skál í fjallið.
Lítt gróinn malarkambur.
Svæðið var notað sem malarnáma. Magnús Þorkellson gróf kirkjugarðinn í kringum 1985.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:009 *Stekkur* heimild Stekkur
"Fyrir framan túnið heita Eyrar, meðfram ánni, Stekkur og Stekkjartún". Farið er að Funa þar niður undir var stekkjatúnið.
Nákvæm staðsetning óviss
Svæðið austan Langár var notað sem malarnáma og hefur svæðið mikið breytt um svip frá því sem áður var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Kirkjubóls

Ís-151:010 heimild Kirkja
"Hjer er hálfkirkja og embættað þegar að heimamenn gánga til sacramentis" [Á.M. VII 164]. Farið er framhjá Funa og nær því alveg að skepnuhúsnum. Svo til undir skál í fjallinu. Beint niður af gamla bæjarstæðinu. Beint fram undan lítt grónum malarkambi.
[1333] Vígslumáldagi Maríukirkju á Kirkjubóli í Skutulsfirði. "Anno domini m ccc xxx iii...skal þaar þa hallda heilagt ok a fossvm og eingidal." [D.I. II 699-700] Magnús Þorkellson fornleifafræðingur gróf kirkjugarðinn í kringum 1985. Heimildarmaður
sagði að tóft hefði verið inn í miðjum kirkjugarðinum.
Hættumat:
Heimildir: Jarðabók Árna Magnússonar, VII bindi. Íslenskt Fornbréfasafn II, 260, 699-700.

Ís-151: 011 Hús Fjárhús 66.03.668N 23.07.179V
Farið er framhjá Ísafjarðarflugvelli og alveg að nyrðri enda vallarins vestan þjóðvegarins.
Brekka fyrir ofan flugbrautina og hafa framkvæmdir við brautina skaddað brekkuna. Vegurinn liggur að hluta til yfir tóftina. Tóftin er tveggjahólfa og snýr framhliðin út að sjónum.
Lengd hennar er fimm metrar upp að veginum, breidd u.þ.b. 9 metrar. Ekki er hægt að sjá hversu
langt hún nær vegna þess að vegstæðið liggur að hluta til yfir henni.



Hættumat: Mikil hætta Vegna rasks

Ís-151: 012 Náma Mógrafir 66.02.334N 23.09.321V
Austan til í Engidal. Farið er framhjá sorpbrennslustöðinni Funa og að gamla bæjarstæðinu á Kirkjubóli. Sunnan við bæjarstæðið eru skepnuhús örlítið sunnar við þau eru mógrafirnar. Upp við

fjallið.
Túnstæði og hefur verið sléttað í kringum grafirnar.
Grafirnar eru mjög óreglulegar u.þ.b. 200*50 m á lengd. Dýpt u.þ.b 50 cm.
Hættumat: Hætta vegna rasks

Fornleifar í land Kirkjubóls

Í landi Kirkjubóls voru 12 minjastaðir skráðir, 1 bæjarhóll, 1 náma, 1 fjárhús, 1 aftökustaður, 3 bústaðir, 1 kirkja, 1 legstaður, 1 stekkur, 1 kví og 1 uppsátur. Ef svæðið væri óskemmt mætti búast við að minjarnar væru töluvert fleiri.

Á Íslandi hafa 90% bæjarhóla horfnir eða orðið fyrir raski af völdu ýmissa framkvæmda. Hólarnir hafa hlaðist upp í gegnum tíðina og í þeim eru miklar mannvistarleifar frá ýmsum tímum og í þeim finnast flestir forngripir. Því eru bæjarhólar ein mikilvægasta tegund fornleifastaða og nauðsynlegt að vernda þá eins og kostur er. Vandamálið við bæjarhóla er að oft er enn búið á þeim og að oft hafa verið reist á þeim steinsteypuhús með kjöllurum sem hafa skemmt þá að meira eða minna leiti. Mikilvægt er að reyna að varðveita þá bæjarhóla sem óskemmdir eru og fylgjast með framkvæmdum á þeim sem hafa orðið fyrir spjöllum.

Af 12 minjastöðum í landi Kirkjubóls voru 6 á framkvæmdarsvæðinu,



Mynd 3. Fjárhústóft í Seljabrekkunni. Fornleif nr. 11

bæjarhóll, kirkja, legstaður, mógrafir, stekkur og kví. Allar þessar minjar eru horfnar fyrir utan mógrafirnar sem eru utarlega suðaustatil á svæðinu..

Framkvæmdir vegna malarnáms hafa eytt öllum merkjum um bæjarstæðið og aðrar minjar. Þó svo að bæjarhólnum hafi verið ýtt út í malarnámið er nauðsynlegt að fylgjast vel með framkvæmdum í kringum gamla bæjarstæðið þar sem að forngripir gætu komið í ljós. Hætta er á að staðsetning bæjarins gleymist og er því nauðsynleg

að merkja svæðið þar sem hann stóð. Vel má hugsa að setja upp skilti á bæjarstæðinu þar með upplýsingum um staðinn og það galdrafár sem gerðist á Kirkjubóli um miðja 17. öld.


Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín: *Jarðabók,* VII bindi, Kaupmannahöfn 1940.
Íslenskt Fornbréfasafn, I. II. bindi, Kaupmannahöfn 1893.
J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
ö-Kirkjubóls. *Örnefnaskrá Kirkjubóls,* Örnefnastofnun Þjóðminjasafns.
Píslarsaga síra Jóns Magnússonar, Reykjavík, 1967.

Korta og Myndaskrá

Mynd á forsíðu: Horft inn Engidalinn.
Mynd 1. Horft út Skutulsfjörð eftir Seljabrekkunni.
Mynd 2. Bæjarstæðið á Kirkjubóli.
Mynd 3. Fjárhústóft í Seljabrekku.

Kort 1. Skipulagssvæðið í Engidal



Kort 1. Skipulagssvæðið í Engidal